

FUNDARGERÐ

Árið 2017, föstudaginn 28. apríl kl. 14.00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í innanríkisráðuneytinu, Sölvhólgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sveinn Pálsson (í fjarveru Sigríðar Huldar Jónsdóttur) og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni og Guðna Geir Einarssyni sem ritaði fundargerð.

Tinnu Dahl Christiansen boðaði forföll.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 31. mars 2017

Lögð var fram fundargerð frá 31. mars 2017 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð frá 31. mars 2017 var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Framlög vegna sameiningar sveitarfélaga

Lagt var fram minnisblað, dags. 26. apríl 2017, þar sem gerð er grein fyrir reglum sjóðsins um fjárhagslega aðstoð til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, nr. 295/2003. Á grundvelli reglnanna greiðast eftirtalin framlög:

1. Framlög vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar, kynningar á sameiningartillögum og framkvæmd atkvæðagreiðslu.
2. Framlag vegna sameiningar á bókhaldi sveitarfélaga eftir sameiningu.
3. Framlag vegna jöfnunar á fjárhagsstöðu sveitarfélaga (skuldajöfnunarframlög)
4. Óskert tekjújöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlag á sameiningarári og fjögur ár á eftir.
5. Framlag vegna endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu í nýju sveitarfélagi í allt að fimm ár frá sameiningu.

Fram kom að um þessar mundir fari fram vinna meðal sveitarfélaga á Suðurnesjum, Snæfellsnesi, Suðausturlandi og í Árnessýslu um sameiningar sveitarfélaga. Alls eru sveitarfélögin sextán sem að þessum fjórum sameiningarviðræðum standa. Í tengslum við þær viðræður sem í gangi hafa verið meðal sveitarfélaganna hafa reglur er byggja á lið 1 verið endurskoðaðar og hafa verið samþykkt framlög úr sjóðnum að fjárhæð allt að 72 m.kr. vegna könnunar, kynningar og framkvæmdar á atkvæðagreiðslu.

Fram hefur komið ábending frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að lið 4 verði breytt með þeim hætti að tekjújöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlög sjóðsins verði óskert á sameiningarári og níu ár á eftir í stað þess að vera óbreytt á sameiningarári og fjögur ár þar á eftir. Breyta þarf lögum um tekjustofna sveitarfélaga vegna þessa.

Lagt var fram yfirlit yfir mögulega fjárhagslega aðkomu Jöfnunarsjóðs að endurskipulagningu á stjórnsýslu þeirra sameininga sem nú er rætt um að fjárhæð allt að **700 m.kr.** og að framlögin yrðu greidd út í allt að fimm ár frá sameiningu. Rökin fyrir aðkomu sjóðsins að endurskipulagningu stjórnsýslu í sameinuðum sveitarfélögum er sá kostnaður sem verður til í sameinuðu sveitarfélagi í kjölfar sameiningar. Má í því sambandi nefna:

- Hagræðing af sameiningu fyrstu árin eftir sameiningu er í flestum tilfellum varið til aukinnar þjónustu í sameinuðu sveitarfélagi.
- Starfsmannamál: Ráðning á starfsfólki til að fylgja sameiningum eftir. Algengt er að ráðnir hafa verið verkefnastjórar til að fylgja málum eftir í sameinuðum sveitarfélögum.
- Þjónusta: Algengt er að upp komi krafa um að halda þjónustu áfram sem annars væri hægt að loka. Á þetta t.d. við um að halda bæjarskrifstofum opnum í öllum sveitarfélögum fyrstu ár eftir sameiningar. Þá er jafnan gerð krafa um að skólum sé ekki fækkað í kjölfar sameininga. Það sama á við um hafnarstarfsemi.
- Kostnaður vegna ferða tengdum fundum og samráði í sameiginlegu sveitarfélagi.
- Upplýsingamál:
Til verður kostnaður í sameinuðu sveitarfélagi vegna sameiningar á landupplýsingakerfi. Smíði nýrrar heimasíðu í sameinuðu sveitarfélagi. Endurskoða þarf aðalskipulag í sameinuðu sveitarfélagi. Sameina þarf launakerfi, málaskrár, bókhaldskerfi. Ráðast þarf í ýmsa hönnunarvinnu sameinaðs sveitarfélags t.d. vegna nýs bæjarmerkis. Þá má leiða líkum að því að nokkur kostnaður hljóti af málum er tengjast ímyndarvinnu/markaðsstarfsemi í nýju sameinuðu sveitarfélagi.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKIS

3. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga - framtíðarhlutverk

Lagt var fram minnisblað dags. 26. apríl 2017 og 28. apríl 2017. Í minnisblaði dags. 26. apríl er fjallað um hlutverk Fasteignasjóðsins í tekjustofnalögunum og það reifað hvort það hlutverk sem Fasteignasjóðnum sé ætlað endurspeglar nógu vel í lögum. Í minnisblaði dags. 28. apríl kemur fram að þó að fyrir dyrum standi að yfirfara regluverk Fasteignasjóðsins í heild með framtíðarhlutverk hans í huga, þar með talið ákvæði um sjóðinn í tekjustofnalögunum, þá er lagt til að tekin verið sérstök ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum á þessu ári til uppbyggingar sérhæfs úrræðis. Annars tefjast ákvarðanir um úthlutun úr Fasteignasjóðnum fram á árið 2018.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að starfsmönnum Jöfnunarsjóðs og ráðuneytisins verði falið að skrifa drög að reglum um aðkomu sjóðsins að uppbyggingu úrræða í málaflökki fatlaðs fólks. Undanskilið verði þó möguleg aðkoma sjóðsins að framlögum sjóðsins vegna úthlutunar Íbúðalánasjóðs á stofnframlögum samkvæmt nýjum lögum um almennar íbúðir, nr. 52/2016 en risið hefur ágreiningur um hvernig reikna eigi stofnframlögin vegna sérstakra húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk og hver aðkoma Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eigi að vera. Jafnframt var samþykkt að láta á það reyna hvort fulltrúar í ráðgjafarnefnd sjóðsins geti átt fund með ráðherrum sveitarstjórnarmála og húsnæðismála.

4. Framlög til stórra sjálfstæðra þjónustueininga

Lögð voru fram erindi frá Skálatúni, dags. 10. apríl 2017 og Mosfellsbæ dags. 27. mars 2017 þar sem óskum er komið á framfæri við ráðgjafarnefnd sjóðsins að sjóðurinn kosti rekstrarúttekt á Skálatúni og rekstri þjónustusvæðis Mosfellsbæjar.

Samþykkti ráðgjafarnefndin að rekstrarúttektin fari fram og að Róberti Ragnarssyni fyrrverandi bæjarstjóra verði falið að sinna verkefninu.

5. Almenn framlög vegna málefna fatlaðs fólks

Pröskuldur inn í jöfnunarkerfið – 4. eða 5. flokkur

Rætt var um hvar eigi að byrja á að telja SIS flokka inn í jöfnunarkerfið en í núverandi reiknilíkani er miðað við að í 4. flokki SIS matsins byrji framlög til svæðanna að telja inn í kerfinu.

Samþykkti nefndin að þjónustusvæðum/sveitarfélögum verði sent erindi þar sem leitað verði álits og sjónarmiða þeirra á hvar eigi að setja þessi mörk.

6. Nefndarbrunnur/ský

Fram kom að unnið er að lausn málsins í samræði við rekstrarfélag stjórnarráðsins. Jafnframt kom fram sá vilji ráðgjafarnefndarinnar að keyptar verði spjaldtölvur sem nefndarmenn hafi aðgang að á fundum nefndarinnar. Með því sparist nokkur kostnaður og fyrirhöfn við undirbúning funda.

7. Árleg ferð ráðgjafarnefndar

Til umræðu hefur verið að sleppa eða fresta árlegri vinnu- og vettvangsferð ráðgjafarnefndar að vori og fara þess í stað á „Opna daga“ í Brussel; evrópuviku svæða og borga. Dagarnir verða haldnir 9.-12. október 2017. Jafnframt myndi ráðgjafarnefndin kynna sér starfsemi skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga í Brussel en sjóðurinn styrkir starfsemina með árlegu framlagi.

Ákveðið var að starfsmönnum yrði falið að leita til fulltrúa Sambandsins í Brussel varðandi skipulagningu hugsanlegrar ferðar.

8. Framsetning gagna á vef Jöfnunarsjóðs

Rætt var um vinnu sem fram fer með Capacent varðandi framsetningu á framlögum sjóðsins á heimasíðu. Fram kom að stefnt sé að því að vinnunni verði lokið í haust og það megi hugsanlega kynna á ársfundi sjóðsins sem verður í október.

9. Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Rætt var um vinnu nefndar sem endurskoðar reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Lögð voru fram yfirlit yfir vannýtingu tekna af útsvari og fasteignaskatti. Niðurstöður útreikninga sýna að sveitarfélög eru í mörgum tilfellum með verulega háar fjárhæðir í vannýtingu skatttekna. Rætt hefur verið um það í endurskoðunarnefndinni að eðlilegt væri að framlög til sveitarfélaga sem ekki nýta álagningarhlutfall útsvars að fullu verði skert sem nemur vannýttum útsvarstekjum. Ekki sé á hinn bóginn sanngjarnt að gera það sama hvað varðar nýtingu á álagningarhlutfalli fasteignaskattstekna vegna þess hversu styrkur fasteignaskattsstofnanna er mismunandi eftir sveitarfélögum.

Fram kom að endurskoðunarnefndin hefur ákveðið að í endanlegum tillögum nefndarinnar verði tillaga um að nýti sveitarfélög ekki útsvarshlutfall að fullu komi til skerðingar á framlögum úr Jöfnunarsjóði sem nemi vannýttum útsvarstekjum.

Lagt var fram yfirlit yfir hvert hlutfall framlaga Jöfnunarsjóðs er af skatttekjum sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir mögulegum hámarksskatttekjum sveitarfélaganna í útreikningunum og var ákveðið að taka saman útreikninga sem sýna hvert þetta hlutfall er miðað við raunskatttekjur sveitarfélaganna. Fram kom að endurskoðunarnefndin er sammála um að gera tillögu um að setja þak á hvert hlutfall framlaga

sjóðsins er af skatttekjum sveitarfélaga. Jafnframt var um það samstaða að ekki skildi tekið tillit til framlaga vegna málefna fatlaðs fólks þegar hlutfallið yrði reiknað.

Lagt var fram yfirlit yfir áhrif þess ef eiginfjármögnun sveitarfélaganna vegna yfirfærslu grunnskólans yrði aukið. Í útreikningunum er gert ráð fyrir því að 0,77% af útsvarshlutfalli sem rennur til Jöfnunarsjóðs yrði lækkað um 0,07% eða í 0,70%. Fram kom að endurskoðunarnefndin hafi ákveðið á síðasta fundi að skoða málið betur.

Ekki var farið í hugmyndir að breytingum á reiknilíkönun sjóðsins að þessu sinni en stefnt er að því að það verði gert á næsta fundi.

10. Önnur mál

Ekki var ákveðið hvenær næsti fundur fari fram en fram kom að mögulega verði boðað til símafundar á næstunni vegna afgreiðslu á annarri áætlun fasteignaskattsframlagsins.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16:30.

Guðný Sverrisdóttir

Ásgerður Gylfadóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Bjarni Jónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Sveinn Pálsson

Valdimar O. Hermannsson